

AUGLÝSING

116

16. okt.

um undanþágu útlendinga, sem hingað koma til landsins, frá því að hafa vegabréf.

Með tilvisun til 1. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum 24. maí 1937, hefir ráðuneytið ákveðið, að eftirtaldir menn skuli undanþegnir þeirri kvöð að þurfa að sýna vegabréf við komu sína til landsins.

1. Farþegar svokallaðra skemmtiferðaskipa, sem fara með skipinu aftur.
2. Farþegar millilandaskipa, sem tekið hafa sér far með skipinu aftur í sömu ferð þess.
3. Lögskráð áhöfn skipa og loftfara.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. október 1937.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

FYRIRMÆLI

117

16. okt.

til sýslumanna, bæjarfógeta, lögreglustjóra og annara löggæzlumanna um framkvæmd eftirlits með útlendingum.

Útlendingaeftirlitið.

1. gr.

Sérstök stofnun, útlendingaeftirlitið, sem lögreglustjórinn í Reykjavík veitir forstöðu og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins, fer með störf þau, sem nefndu ráðuneyti eru falin með lögum nr. 59 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum.

2. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, hér eftir nefndir einu nafni lögreglustjórar, skulu hafa eftirlit með komu útlendinga til landsins og dvöl þeirra í landinu, hver í sínu umdæmi.

3. gr.

Útlendingaeftirlitið setur, þar sem ástæða þykir til, sérstaka eftirlitsmenn vegabréfa. Annarstaðar skulu lögreglustjórar sjálfir framkvæma eftirlit með vegabréfum, (vera eftirlitsmenn vegabréfa) eða fela það öðrum löggæzlumönnum eða sérstökum umboðsmönnum sínum.

Koma útlendinga til landsins.

4. gr.

Hvenær sem skip eða loftfar, komið frá útlöndum, tekur hér land, skal eftirlitsmaður vegabréfa fara um borð.

5. gr.

Eftirlitsmaður tekur við farþegaskrá skipstjóra eða loftfarsstjóra og gætir þess, að allir farþegar séu þar skráðir. Jafnframt athugar hann, að áhöfn sé í samræmi við skipshafnarskrá skips eða starfsmannaskrá loftfars.